



Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 7. júlí 2009 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt: Jason Ívarsson, formaður. Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Svala Vignisdóttir, Valdimar Hafsteinsson.
Afboð og mættu ekki: Davíð Búi Halldórsson, Óskar Hauksson, Stefán Jóhannesson, Hreggviður Norðdahl.

Dagskrá fundarins

- Mótamál; Haustmót, deildir, bikar
- Fjármál
- Landsliðsmál
- Önnur mál

Fundargerð

Landsliðsmál tekið fram fyrir

- Karlaliðið tryggði sér rétt til að spila í umspili um að komast í Evrópukeppni A landsliða. Skráning í það í október.
- Unglingalið U19 ára 13.-15. október í lkast í Danmörku. Ekki er búið að ganga frá ráðningu þjálfara ennþá, en undirbúningur er hafinn.
- Unglingalið U17: Allt ennþá í uppnámi en Danir eru að spá í að halda mótið í lkast í desembermánuði.
- Kvennaliðið: Líklegt er að LUX sendi boð til BLÍ um að bæði karla og kvennaliðin fái að keppa á Novotel Cup í Luxemborg 7.-9. janúar 2010. Konurnar hafa farið áður í þá keppni.

Mótamál

- Haustmót: Senda félögunum beiðni um umsókn til að halda mótið síðustu helgina í september. Umsóknin skal koma á sambandið eigi síðar en 17. ágúst.
- Deildakeppni: 7 lið komin í 1. deild kvenna þó með beiðni um undanþágu frá Stjórnunni. Stjarnan, KA og Ýmir (HK Utd.) koma inn í deildina en fyrir eru Þróttur R, Þróttur N, HK og Fylkir.
 - Með það að markmiði að fjölga liðum í efstu deild kvenna hefur stjórn Bláskapbandsins samþykkt beiðni Stjórnunnar um undanþágu á 7 manna reglu liðsmanna næsta vetur. Ef önnur lið telja sig þurfa á sambærilegri undanþágu þurfa þau að óska eftir því skriflega til stjórnar sambandsins.
- Deildakeppni: Í 1. deild karla eru hugsanlega komin 6 lið en Hrunamenn og Massablað hafa sýnt áhuga á að spila þar ef leikin yrði tvöföld umferð. Massablað er þó ekki staðfest og verður ekki fyrr en í ágúst. Myndi þýða að leikin yrði tvöföld umferð 6 liða og fjögurra efstu í tveimur eða þremur umferðum til Íslandsmeistaratíls.
- Bikarkeppni BLÍ: Ákveðið að forkeppnir skulu hafðar líkt og á síðasta ári og BLÍ ákveði keppnisstað í samráði við félagið á staðnum. Upp komu áhugaverðir staðir og ákveðið að reynt yrði að halda mótin annars vegar á suðurlandi og hinsvegar á norðurlandi. Úrslitin verða í Reykjavík 13.-14. mars.
- Lagt fyrir og samþykkt drög að dagatali fyrir viðburði næsta vetur

- Haustmót BLÍ; 26.-27. september.
- Deildakeppni hefst 3. okt / 10. okt
- U19 mót í IKAST 13.-15. okt
- Bikarmót 1; 30.-31. október
- Riðlakeppni 3. deildar 1; Miðjan nóvember (20.-21. nóvember)
- Yngriflokkamótin (fyrstu tvær helgarnarnar í nóvember) – YFN BLÍ ákveður
- Jólafri frá og með 15. desember
- Deildakeppni hefst að nýju 10. janúar ca.
- Bikarmót Yngriflokka 29.-30. janúar
- Bikarmót 2; 12.-13. febrúar
- Bikarúrslit; 12.-14. mars
- Deildakeppni lýkur 10. apríl (úrslitamót 3. deildar – lokahóf)
- Úrvalsdeildir 4ra efstu í 1. deild hefjast í kringum 7. mars
- Yngriflokkamót síðara 16.-18. apríl
- Öldungamót BLÍ 13.-15. maí 2010 í Mosfellsbæ

Fjármál

- Skuldir sambandsins hafa ekki minnkað. Rætt var um hvernig hægt væri að ná þeim niður m.a. með því að stofna sérstaka nefnd sem hefði það eina markmið að ná skuldunum niður.
- Heiða vill sjá aðskildan fjárhag með meiri stýringu á fjármagni, hvert það fer og hvar það kemur inn. Bókhald eftir ákveðnum bókhaldsreglum.
- Heiða tekur að sér að tala við Kaupþing um niðurfellingu skulda og einnig að tala við Mastercard. Vill prófa að selja nafn deildanna með þessum skuldum.
- Jason nefnir að Bridgestone umboðið sé tilbúið í viðræður um styrktarsamning vegna bikarkeppninnar. Líklegt að það náist samningur þar.
- Stefán hefur þreifað á Mikasa um styrktarsamning einnig í formi búninga.
- Vantar klárlega fyrirtæki til að kaupa verðlaun fyrir Íslandsmótin og einstaklingsverðlaun.

Önnur mál

- KA menn ætla að fara af stað með kynningu á Krakkablaki fyrir norðan og nota KEA styrk í það sem BLÍ hefur vörslu að. Beðið er eftir að sjá tillögu frá Sigurði Arnari um útdelingu styrksins og er líklegt að eitthvað af þessu verði skuldajafnað af mótagjöldum KA.
- Tillaga um mótagjöld kemur inn á næsta fund stjórnar frá Gjaldkera og Framkvæmdastjóra.
- Rætt um að vefurinn þarf að vera betur uppfærður – spurning hvort einhverjir stjórnarmenn ættu að fá aðgang.

Fleira var ekki tekið fyrir. Næsti fundur áætlaður um miðjan ágúst þegar sumarleyfistíma er lokið.

Fundi slitið kl. 19.00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð